

## Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um umferðarsektir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver er heildarfjárhæð umferðarsekta árlega undanfarin fimm ár og hvernig er skiptingin eftir eðli sektanna?*

Það var sameiginleg ákvörðun Fjársýslu ríkisins, þá tekjubókhalds ríkisins, og ríkislögreglustjórans haustið 1997 að Fjársýsla ríkisins héldi saman upplýsingum um fjárhæðir sekta og innheimtu þeirra, en ríkislögreglustjórinn sæi um að halda utan um fjölda sektanna og skiptingu þeirra eftir brotum. Þetta átti meðal annars að undirstrika það að sektir lögreglu væru refsiviðurlög við brotum og að engin tengsl væru milli fjárhags lögreglunnar og innheimtra sekta, sem renna í ríkissjóð. Vegna þessa fyrirkomulags er ekki unnt að nálgast upplýsingar um fjárhæðir álagðra og innheimtra sekta eftir ákveðnum brotaflokkum, en það gefur ákveðna vísbendingu að sektarboð er einvörðungu hægt að senda út vegna umferðarlagabrota.

Vísað er til eftirfarandi taflna og skýringa með þeim varðandi frekari tölulegar upplýsingar en í þeim kemur m.a. fram að nettóálagning sekta lögreglu og dómsáritana árin 1999 til og með 2003 var 2.275.386.008 kr. og af þeirri fjárhæð voru 2.120.498.367 kr. greiddar þann 13. október 2004.

### Skýringar með yfirlitum, byggðum á gögnum frá Fjársýslu ríkisins.

- *Staða í upphafi tímabils:* Heildarfjárhæð álagðra sekta sem ekki hafa verið greiddar í upphafi árs, samkvæmt viðkomandi gjaldalið
- *Álagning:* Brúttó-álagning allra sekta, þar með taldar sektir sem lagðar hafa verið á, síðan felldar niður og lagðar á aftur til að leiðrétta mistök í upphaflegu álagningunni.
- *Breytingar:* Allar niðurfellingar á álagningu, þar með taldar niðurfellingar til að leiðrétta álagningu, sbr. skýringar við liðinn *álagning* hér að framan. Enn fremur niðurfelling álagningar vegna sekta sem sendar eru til dómsáritunar eða fara til ákærumeðferðar.
- *Afskriftir:* Fjárhæð þeirra álagninga sem hafa verið afskrifaðar samkvæmt reglum um afskriftir hjá ríkinu.
- *Nettó-álagning:* Álagning að frádregnum fjárhæðum breytinga og afskrifta.
- *Greiðslur:* Fjárhæð greiddra sekta á árinu samkvæmt viðkomandi gjaldalið, óháð því hvenær álagningin var gerð.
- *Eftirstöðvar við lok tímabils:* Heildarfjárhæð álagðra sekta, sem ekki hafa verið greiddar við lok tímabilsins, samkvæmt viðkomandi gjaldalið.

**Yfirlit yfir innheimtu sektarboða árin 1999–2003 og fyrstu 9 mánuði ársins 2004.\***

Ár	Staða í upphafi tímabils	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Nettó-álagning	Greiðslur	Eftirstöðvar við lok tímabils
1999	42.117.967	303.961.501	110.349.959	383.578	193.227.964	192.808.607	42.537.324
2000	42.537.324	323.068.500	109.915.665	314.427	212.838.408	204.620.975	50.754.757
2001	50.754.757	421.305.283	132.997.809		288.307.474	264.938.171	74.124.060
2002	74.124.060	610.636.296	221.525.787	8.000	389.102.509	387.473.713	75.752.856
2003	75.752.856	584.944.687	208.187.250	69.000	356.688.437	366.989.790	65.451.503
Samtals s.l. 5 ár		2.223.916.267	782.976.470	775.005	1.440.164.792	1.416.831.256	
2004	65.451.503	459.419.277	149.489.793	470.160	309.459.324	281.301.076	93.609.751
		<b>2.683.335.544</b>	<b>932.466.263</b>	<b>1.245.165</b>	<b>1.749.624.116</b>	<b>1.698.132.332</b>	

\* Byggt á gögnum frá Fjársýslu ríkisins 13. október 2004.

**Yfirlit yfir innheimtu dómsáritana árin 1999–2003 og fyrstu 9 mánuði ársins 2004.\***

Ár	Staða í upphafi tímabils	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Nettó-álagning	Greiðslur	Eftirstöðvar við lok tímabils
1999	2.963.000	44.289.918	182.658		44.107.260	25.938.670	19.492.590
2000	19.492.590	35.104.835	3.596.000	17.000	31.491.835	31.062.634	19.921.791
2001	19.921.791	59.908.248	4.494.750	12.000	55.401.498	39.135.345	36.187.944
2002	36.187.944	49.676.762	1.199.827	20.000	48.456.935	35.128.117	49.516.762
2003	49.516.762	107.643.228	2.666.552	466.469	104.510.207	71.130.860	82.896.109
Samtals s.l. 5 ár		296.622.991	12.139.787	515.469	283.967.735	202.395.626	
2004	82.896.109	61.299.140	2.840.441	631.530	57.827.169	59.028.749	84.694.529
		<b>357.922.131</b>	<b>14.980.228</b>	<b>1.146.999</b>	<b>341.794.904</b>	<b>261.424.375</b>	

\* Byggt á gögnum frá Fjársýslu ríkisins 13. október 2004.

**Yfirlit yfir innheimtu sektargerða árin 1999–2003 og fyrstu 9 mánuði ársins 2004.\***

Ár	Staða í upphafi tímabils	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Nettó-álagning	Greiðslur	Eftirstöðvar við lok tímabils
1999	44.655.487	113.534.847	18.942.101	735.320	93.857.426	94.692.767	43.820.146
2000	43.820.146	146.575.607	22.025.213	316.403	124.233.991	101.331.739	66.722.398
2001	66.722.398	136.911.695	21.819.382	1.146.158	113.946.155	95.997.309	84.671.244
2002	84.671.244	133.219.824	18.582.920	11.030	114.625.874	96.952.744	102.344.374
2003	102.344.374	130.739.025	23.522.708	2.626.282	104.590.035	112.296.926	94.637.483
Samtals s.l. 5 ár		660.980.998	104.892.324	4.835.193	551.253.481	501.271.485	
2004	94.637.483	103.583.821	17.324.601	2.947.266	83.311.954	76.776.120	101.173.317
		<b>764.564.819</b>	<b>122.216.925</b>	<b>7.782.459</b>	<b>634.565.435</b>	<b>578.047.605</b>	

\* Byggt á gögnum frá Fjársýslu ríkisins 13. október 2004.

Samandregið yfirlit yfir innheimtar sektir  
áranna 1999–2003 og fyrstu 9 mánaða ársins 2004.\*

**Innheimta sekta árin 1999 - 2003**

Tegund sekta	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Nettó-álagning	Greiðslur
Sektarboð	2.223.916.267	782.976.470	775.005	1.440.164.792	1.416.831.256
Dómsáritanir	296.622.991	12.139.787	515.469	283.967.735	202.395.626
Sektargerðir	660.980.998	104.892.324	4.835.193	551.253.481	501.271.485
<b>Samtals</b>	<b>3.181.520.256</b>	<b>900.008.581</b>	<b>6.125.667</b>	<b>2.275.386.008</b>	<b>2.120.498.367</b>

**Innheimta sekta fyrstu 3 ársfjórðunga 2004**

Tegund sekta	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Nettó-álagning	Greiðslur
Sektarboð	459.419.277	149.489.793	470.160	309.459.324	281.301.076
Dómsáritanir	61.299.140	2.840.441	631.530	57.827.169	59.028.749
Sektargerðir	103.583.821	17.324.601	2.947.266	83.311.954	76.776.120
<b>Samtals</b>	<b>624.302.238</b>	<b>169.654.835</b>	<b>4.048.956</b>	<b>450.598.447</b>	<b>417.105.945</b>

\*Byggt á gögnum frá Fjársýslu ríkisins 13. október 2004.